



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

4. stjórnarfundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 6. nóvember 2017 og var að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Sigurlaug Gissuradóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni síðastliðinna mánaða (september og október)
- Verkefni framundan
- Önnur mál

Verkefni síðastliðna mánuði

MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

- Fundur forstöðumanna var haldinn í tengslum við ráðstefnu MAS í október.
- Hausráðstefna MAS var haldin á Grand Hótel Reykjavík þann 12. október. Yfirskriftin var „Fjárfestingin eða ferðamaðurinn, hvort kemur á undan?“. Farið var almennt yfir fjárfestingu í ferðaþjónustu, bæði var horft heildrænt yfir stóru myndina og svo litið nánar inn á landshlutana. Góð aðsókn var að ráðstefnunni, um 200 manns, þar sem gestir voru góð blanda af fólki úr greininni og stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Mikil ánægja er með þennan vettvang og er ráðstefnan orði fastur liður í samstarfi MAS.
- Fulltrúar hópsins áttu fundi með aðilum þar sem verið var að skoða nýjar lausnir í tæknimálum, m.a. möguleika á ferðasmáforriti.

- Samningar Markaðsstofa landshlutanna við Ferðamálastofu vegna fjármögnunar næsta árs hafa verið til umræðu undanfarið. Ráðuneyti ferðamála gaf út tilkynningu síðsumars um eflingu MAS og var Ferðamálastofu falið að vinna að endurnýjun samninga. Samningsdrög liggja fyrir og eru til umræðu. Stjórn samþykkir að MAS haldi áfram með samtalið við Ferðamálastofu miðað við þær athugasemdir sem liggja fyrir.
- Nú hafa Ferðamálasamtök Íslands verið lögð niður og mismunandi hversu virk ferðamálasamtök hvers landshluta eru. Í vor var gengið í að flytja verkefni og hlutverk Ferðamálasamtaka Suðurlands inn til Markaðsstofu Suðurlands þar sem að samtökin höfðu ekki verið virk undanfarin ár. Markmiðið með því var að styrkja enn frekar það grasrótar- og hagsmunastarf sem unnið er í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Framkvæmdastjóri er því formaður Ferðamálasamtakanna og eini aðilinn í stjórn. Klára þarf að ganga frá flutningi á prókúru og fleiru til að tryggj sé að erindi til samtakanna berist til rétttra aðila.

Verkefni með SASS

- Starfsmenn MSS störfuðu áfram í sínum teyllum auk annara verkefnahópa (t.d. markaðs,- og kynningarhóp og fjárfestingahóp). Þá hélt vinna áfram í verkefnum, t.d. um samræmingu korta, menningarkort og innviðagreiningu. Ýmsir fundir voru haldnir á tímabilinu, m.a. fundir með fjárfestingarviði Íslandsstofu.
- Þann 8. september sl. var haldinn fundur í Samráðsvettvangi SASS auk vinnufundar ráðgjafa þar sem ramminn um ráðgjafastarfið var mest til umræðu. Á fundinum voru áhersluverkefni kynnt og svo leitað álits fundargesta á stöðu mála í ákveðnum málaflokkum atvinnulífs á Suðurlandi.
- Ársþing SASS var haldið 19.-20. október á Selfossi og var framkvæmdastjóri starfsmaður þingsins (m.a. við nefndarstörf) og tók þátt í almennum umræðum um ferðamál og Markaðsstofuna.
- Fjármögnunarfyrirtæki hafa í auknum mæli leitað til MSS (og SASS) vegna ýmissa fjárfestingarverkefna á svæðinu.

Vestnorden

- Vestnorden var haldið á Grænlandi 18.-21. september, þar sem MSS deildi bás með Ríki Vatnajökuls. Framkvæmdastjóri átti um 20 bókaða fundi og voru þeir góðir og markvissir, kaupendur vissu vel eftir hverju þeir voru að leita. Eins og undanfarin ár var nýi landshlutabæklingurinn með í för en miðað hefur verið við að vera alltaf komin með nýjan bækling úr prentun á Vestnorden sýningunni.
- Mikið ákall var hjá kaupendum eftir auknu gistirými frá Vík til Hafnar, sér í lagi stöðum sem gætu tekið við stærri hópum. Framkvæmdastjóri bendir á að þetta sé ágætis innlegg inn í vinnu við áfangastaðaáætlanir DMP t.a.m. hvort það sé það sem svæðið vill eða stangast það á við önnur verkefni þar sem t.d. í Sveitarfélaginu Hornafirði er verið að vinna með verkefnið „Slow tourism“. Kaupendur bentu einnig á að það vantaði þann möguleika á einstaka svæðum, t.d. í kringum Vík, að hægt væri að fara í rútuferðir með ferðamenn frá staðnum sjálfum, t.d. í norðurljósaferðir á kvöldin.

- Fylgt var á eftir fundunum þar sem viðmælendur fengu sendan póst með rafrænni útgáfu af landshlutabækling, myndahlekk og öðrum almennum upplýsingum. Þá var listi yfir gesti á bás MSS sendur á aðila Markaðsstofunnar. Góð viðbrögð voru við þessum póstum og bárust nokkrar fyrirspurnir og erindi.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

- Vinna við verkefnið hélt áfram og í byrjun september var kostaðaráætlun fyrir öryggishluta verkefnisins um stoðþjónustu upplýsingaveitu, sem vinna þarf árið 2018, unnin og send til Ferðamálastofu. Fundir voru haldnir í Reykjavík og á Reykjanesi með starfsfólki í upplýsingaveitu í sambandi við verkefnið. Þá voru haldnir tveir samþættingarfundir milli hópanna, Ferðamálastofu og Íslandsstofu á tímabilinu.
- Hópur sem vinnur að gæða- og fræðslumálum í verkefninu stóð fyrir þremur fundum með Hæfnisetri ferðaðjónustunnar á Suðurlandi þar sem starf almenns starfsmanns í upplýsingamiðstöð var greint. Þar komu saman fulltrúar ýmissa aðila í upplýsingaveitu af Reykjanesi, Vesturlandi, Suðurlandi og úr Reykjavík, áttu samtalið og unnu eftir ákveðnu kerfi við starfsgreininguna.

Áfangastaðaaætlun DMP

Verkefnastjórar eru sjálfstæðir í sinni vinnu að verkefninu en þó er ákveðin umsýsla og ut anumhald áfram á hendi framkvæmdastjóra. Haldnir hafa verið tveir fundir af fjórum sem eru áætlaðir með vinnuhópum allra svæðanna þriggja. Á þeim var annars vegar farið yfir stöðuna á svæðunum og hins vegar hvernig þeir sjá fyrir sér framtíðina. Á næstu fundum vinnuhópanna verður lagður grunnur að aðgerðaáætlun, hvernig framtíðarsýninni verður náð.

Samstarfshópur um ferðamál

Fyrirhugaður var fundur í lok september í Sveitarfélaginu Hornafirði en honum var frestað sökum flóða. Næst var hægt að koma hópnum saman í lok nóvember og verður gerð önnur tilraun að fara austur. Nokkur verkefni eru til skoðunar sem samstarfsverkefni hópsins, t.d. tillögur að áhersluverkefnum um sameiginlegan myndabanka fyrir sveitarfélög, SASS og MSS. Þá er til skoðunar að samræma og jafnvel láta sérteikna þjónustumerki sem hægt er að nota á kort og annað útgefið efni. Einnig eru stærri viðburðir enn til skoðunar, öflugra samtal og fleira.

Klasar og samstarf

- Stjórnarfolk Kötlu jarðvangs hafa list vilja á að funda með MSS og fara yfir stöðu mála, samþættingu og samvinnu. Erindi þess efnis hefur verið sent út og er áætlaður fundur í lok nóvember.
- Framkvæmdastjóri fundaði með fulltrúum Saint verkefnisins sem er í gangi í sveitarfélaginu Hornafirði. Þar voru skoðaðir mögulegir samstarfsfletir og hvernig Markaðsstofan getur stutt við og komið að kynningu á verkefninu/svæðinu út frá þessum forsendum.

Vefmál, blaðamenn og fyrirspurnir

- Vefhópur MAS hefur haldið áfram vinnu við framþróun heimasíðna landshlutanna, m.a. við endurbætur á viðburðadagatali. Einnig var verið að skoða nýjar lausnir í tæknimálum, m.a. möguleika á ferðasmáforriti.
- Stutt samantekt á heimsóknum á www.south.is 2016 vs. 2017
 - Um 50% fleiri heimsóknir það sem af er 2017 frá sama tímabili 2016 (jan – okt)
 - Um 30% endurkomur – 70% nýjar heimsóknir
 - Í kringum 1730 heimsóknir á dag (fór mest upp í 2300 einn daginn)
- Blaðamannafyrirspurnir hafa verið aðeins færri en undanfarin misseri, en alltaf einhverjar.
- MSS kom að Game of Thrones ferð sem var á vegum erlendar PR stofu og Íslandsstofu, en þau sáu að mestu um skipulag ferðarinnar.
- Framkvæmdastjóri fór í viðtal í Síðdegisútvarpi Rásar 2 um málefni ferðaþjónustunnar á Suðurlandi í tengslum við kjördæmaviku.

Íslandsstofa

- Samstarf um nýju vegferðina hjá Íslandsstofu sem ber heitið A-Ö. MSS kom að undirbúningi efnisgerðar fyrir Suðurland ásamt því að koma að verkefninu á ýmsum stigum frá upphafi.
- Kynningarfundir voru haldnir í Vík og Selfossi þar sem helstu verkefni MSS voru kynnt ásamt nýrri markhópagreiningu Íslandsstofu og nýja vegferðin A-Ö. Góð mæting var á báða þessa fundi. Fyrirhugaður er kynningarfundur á Höfn í lok nóvember.
- Fyrirhuguð er blaðamannaferð 23. – 27. nóvember í tengslum við nýju vegferðina. Undirbúningur er hafinn í samstarfi við Íslandsstofu og erlendar PR stofur, en þær munu sjá um að finna áhugasama blaðamenn frá Norðurlöndum í ferðina.

Samfélagsmiðlar

Á síðasta fundi stjórnar var farið yfir markaðsmálin hjá MSS. Til að efla samfélagsmiðlana enn frekar, eins og niðurstöður markaðsgreiningar segja til um, var ákveðið að leita eftir tilboðum frá tveimur aðilum til að hafa umsjón með ferðasamfélagsmiðlum MSS. Samið var við Sahara en þau buðu hagstæðara verð. Þau eru þegar byrjuð að vinna stefnu út frá markaðsgreiningunni og með nýja og betri markhópagreiningu Íslandsstofu til hliðsjónar. Gerður var 6 mánaða samningur til reynslu og innifalið í því er umsjón með samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram), uppsetning á föstum herferðum og birtingaráætlun í hverjum mánuði.

Stjórnarformaður óskar eftir að stjórn fái að fylgjast með birtingaráætlun.

Landshlutabæklingur / kort

- Landshlutabæklingurinn kom út fyrir Vestnorden í uppfærðu útliti. Hann var prentaður í 35 þúsund eintökum þetta árið samanborið við 45 þúsund á síðasta ári. Margir kjósa orðið að sækja efni rafrænt og því er verið að klára að hanna spjald sem stillt verður upp með bæklingnum þar sem gestir eru hvattir til að hlaða honum beint niður í snjalltækið sitt.

- Enn er verið að vinna að því að koma út svæðiskortunum fyrir mið- og austursvæði og klárast það vonandi fljótlega.

Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Erindi með ósk um endurnýjun samninga við MSS var sent til sveitarfélaga í byrjun október, lögð var til óbreytt gjaldskrá til þriggja ára. Um helmingur sveitarfélaga var búinn að senda jákvæð svör, ýmist til eins eða þriggja ára, fyrir þennan fund en um helmingur ekki búinn að taka erindið fyrir.

Aðildarfyrirtæki

Nokkur fyrirtæki hafa verið að bætast í hópinn undanfarið og kom einn t.d. bara inn vegna heimasíðunnar okkar. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áttu fund með einum stórum gistaðila á tímabilinu til að fara yfir málefni sem snerta slíkan rekstur.

Ferðamálaþing

Starfsmenn MSS sóttu Ferðamálaþing 4. október sl. sem bar að þessu sinni yfirskriftina „Sjálfbærni - Áskoranir á öld ferðalangsins“. Fjölmargir innlendir og erlendis fyrirlesarar voru með áhugaverð erindi. Ferðamálastjóri greindi frá því í lokaræðu dagsins að hún myndi láta af störfum um komandi áramót.

Hæfni og gæði í ferðaþjónustu

Mikið til okkar leitað varðandi ýmis verkefni sem eru í undirbúningi í kringum hæfni og gæði í ferðaþjónustu, m.a. með Hæfnisetri Ferðaþjónustunnar og Fræðsluneti Suðurlands. Dagný og Ragnhildur tekið þátt í þessari vinnu eftir föngum.

Verkefni framundan

Fjármögnun næsta árs

- Framundan er vinna við fjárhagsáætlun næsta árs – klára þarf samninga, meta starfsmannþörf og umsvif Markaðsstofunnar á næsta starfsári.
- Enn er óvissa með samninga og þar með fjármögnun næsta árs, bæði vegna almenns rekstrar og verkefna. Erindi sem MAS sendi til ráðuneytis hefur ekki verið svarað formlega en drög að samningi við Ferðamálastofu liggja þó fyrir.
- Fylgja þarf eftir endurnýjun samninga við sveitarfélög og hafa sum þeirra óskað eftir kynningarfundum.

DMP og stoðþjónusta upplýsingaveitu

Vinna við bæði þessi verkefni heldur áfram samkvæmt áætlun.

Vefmál, blaðamenn og fyrirspurnir

- Blaðamannaferð í nóvember í sambandið við nýju vegferðina A-Ö hjá Íslandsstofu. Undirbúningur hafinn og mun starfsmaður MSS taka þátt í ferðinni.
- Enn eru í undirbúningi tvær FAM ferðir fyrir erlenda ferðasala og er stefnan að tvinna þær saman við Mannamót. Þær verða unnar með mikilli aðkomu frá ferðamálafulltrúum og svæðum.
- Áframhaldandi vinna fer fram fyrir vef og samfélagsmiðla við efnissköpun út frá áherslum markaðsgreiningar. Vinna heldur áfram við sveitarfélagasíður, Rangárþing ytra hefur óskað eftir síðu.

Sýningar og fundir

- **Mannamót** verður haldið 18. janúar nk. og er undirbúningur farinn af stað.
- Listi yfir vinnustofur og sýningar árið 2018 er kominn frá Íslandsstofu og leggur framkvæmdastjóri til að sækja sýninguna ITB og vinnustofur annað hvort í USA/Kanada eða Mið- og Suður -Evrópu. Verður skoðað samhliða fjárhagsáætlun.
- Kynningarfundir vegna nýrrar markaðsvegferðar Íslandsstofu verður haldinn á Höfn í lok nóvember.
- Fundur samstarfshóps um ferðamál verður haldinn á Höfn 21.-22. nóvember. Farið verður um svæðið þar sem aðilar í ferðaþjónustu verða heimsóttir ásamt því að funda um sameiginleg verkefni. Auglýst verður viðvera framkvæmdastjóra í tengslum við þann fund.
- Fundir með stjórn og framkvæmdastjóra Kötlu jarðvangs og fulltrúum MSS er fyrirhugaður í lok nóvember þar sem rædd verða hlutverk mismunandi aðila í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Fundur verður einnig haldinn um sambærileg málefni í sveitarfélaginu Hornafirði í nóvember. Þá er fundur um ferðamál í Rangárþingi eystra einnig á döfinni.

Verkefni SASS

Vinna heldur áfram í teymum sem og öðrum verkefnum. Fyrir lok árs 2017 verður að vera búið að ákveða áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands og eru tillögur að verkefnum í mótun hjá okkur öllum teymum. Fundur verkefnastjórnar í lok nóvember þar sem verkefnatillögur þurfa að vera mótaðar.

Auglýst viðvera

Framkvæmdastjóri stefnir á að auglýsa fljótlega viðveru á Kirkjubæjarklaustri og Vík fyrir hönd MSS og jafnvel SASS.

Önnur mál

- Launamál starfsmanna og launastefna – frestað til næsta snertifundar stjórnar
- Framkvæmdastjóra falið að ganga frá skráningum til RSK.

Fundi slitið: 11:15